



Bréf til heilbrigðisstarfsmanna (DHPC)

Innúðatæki með salbútamóli: Áhersla á upplýsingar um fjölda skammta í tækinu

29. janúar 2026

Kæri heilbrigðisstarfsmaður,

Í samráði við Lyfjastofnun kemur GlaxoSmithKline Pharma A/S eftirfarandi upplýsingum hér með á framfæri:

Bréf þetta er ætlað til að leggja áherslu á upplýsingar um fjölda skammta í innúðatæki með salbútamóli samkvæmt áletrun.

Samantekt

- Innúðatækið inniheldur aðeins salbútamól sem nægir í 200 skammta (úðaskammta). Eftir 200 skammta (úðaskammta) kemur ennþá úði úr innúðatækinu en hann inniheldur ekki ávísaðan skammt af salbútamóli.
- Ekki er mælt með að nota aðferðir eins og að hrista, vigta eða að setja innúðatækið á kaf í vatn til þess að ákvarða með nákvæmni hvort búið sé að klára ávísaðan skammt af salbútamóli úr tækinu.
- Í samræmi við þetta skal íhuga að skrá niður fjölda skammta (úðaskammta) sem sjúklingurinn fær til að koma í veg fyrir að tómt innúðatæki sé notað óafvitandi.
- Mælt er með að hafa tiltækt aukainnúðatæki. Ef sjúklingurinn er með fleiri en eitt innúðatæki er mælt með því að skrá sérstaklega upplýsingar um notkun hvers tækis fyrir sig.

Nauðsynleg viðbrögð heilbrigðisstarfsmanna

Heilbrigðisstarfsmenn skulu leggja áherslu á þessar upplýsingar við sjúklinga.

Bréfið er sent til barnalækna, lungnalækna, heilsugæslulækna, lungnadeilda, apóteka, sjúkrahúsapóteka og heilsugæsla.

Viðtakendur eru hvattir til að láta aðra heilbrigðisstarfsmenn vita um innihald bréfsins eftir því sem við á.

Tilkynning aukaverkana

Heilbrigðisstarfsmenn eru minntir á skyldur sínar til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Hægt er að tilkynna til Lyfjastofnunar: <https://www.lyfjastofnun.is> eða í gegnum eyðublað (Tilkynning um aukaverkun) sem er að finna í Sögu. Einnig má tilkynna aukaverkanir til fulltrúa markaðsleyfishafa á Íslandi, Vistor hf. á netfangið safety@vistor.is eða í síma 535 7000.

Virðingarfyllst,



Thy Andresen

Yfirmaður lækningasviðs fyrir Danmörku og Ísland

GlaxoSmithKline Pharma A/S

Ef spurningar vakna eða þörf er á frekari upplýsingum skal hafa samband við: GlaxoSmithKline - GSK Medical Information, netfang: nordic.medinfo@gsk.com, sími: +45 36 35 91 00.